

brögð heimsins gefið vonir um bein afskipti guðs, eða einhvers sérstaks guðs til hjálpar hinum trúu dýrkendum. Hinn mesti af spamönnum Gyðinga sagði Hiskía konungi að Assyriukonungur, sem hafði nálgast Jerúsalem með mikinn her, skyldi ekki koma inn í borgina nó skjóta ör þar, og sagði að drottinn hefði sagt: "Eg vil vernda þessa borg til þess að vernda hana mín vegna og vegna Davíðs, þjóns míns. Þá fór engill Jahve og laust hundrað áttatíu og fimm þúsundir manns í herbúðum Assýringa; og er menn risu morguninn eftir, sjá, þá voru þeir liðin lík." Hin nýja trú getur ekki heitið þjóðum eða einstaklingum þesskonar hjálp í hættum.

(4) Í trúarbrögðum framtíðarinnar mun aðaltilgangurinn ekki verða velferð og frelsun einstaklingsins í þessum eða nokkrum öðrum heimi. Þeirrar frelsunar, velferðar eða sáluhjálpar verður máske meðfram leitað, en hún verður aldrei aðaltilgangurinn. Hinn trúaði maður mun ekki hugsa um sína eigin velferð og tryggingu, heldur um þjónustuna til annara og hluttöku í hinni almennu velferð. Hin nýja trú mun ekki kenna að hugarfar mannsins breytist alt í einu, hvorki í þessum heimi né öðrum, þó að óvænt tækifæri til betrunar geti komið fyrir hvar sem er, og tíminn, sem það kemur á geti orðið dýrmæt endurminning. Hin nýja trú mun ekki reiða sig á skjótt afturhvarf í þessu lífi né undirbúningslaust sæluástand í því næsta, eftir nautnafult, eigingjarnt eða óheiðarlegt líf. Hún mun kenna að iðrun afmáir ekkert sem orðið er, og er aðeins fyrsta sporið til betrunar, merki betri framtíðar.

(5) Í trúarbrögðum framtíðarinnar verður ekki blífðkun, fórnfæring né friðþæging. Á lægstu stigum mannlífsins var hræðslan við æðri krafta, eins og þeir virtust koma í ljós í hinum óttalegu náttúruöflum, undirrrót trúarinnar. Þessa hræðilegu krafta varð að blífðka og friða og það með fórnfæringum í bókstaflegasta skilningi; og fyrir hin ímynduðu afbrot mannsins varð að friðþægja með þjáningum, sem vanalega voru bornar af öðrum en syndaranum. Jafnvel Hebrearnir færðu mannafornir kynslóð eftir kynslóð, og mikill hluti guðsþjónustu þeirra var altaf innifalin í fórnfæringu dýra, Kristna kyrkjan steig stórt